

Nd.

## 462. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., og lögum nr. 6 12. jan. 1945, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

### 1. gr.

Á 1. gr. tollskrárinnar eru gerðar þessar breytingar: Nr. 37—45 í 73. kafla orðist svo:

Búsáhöld og hlutar til þeirra:	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
37 — eldavélar og bökunarofnar .....	1 kg	2	2
38 — hitunar- og suðutæki, ót. a. ....	—	2	2
39 — straujárn og strauvélar .....	—	2	2
40 — þvottavélar .....	—	2	2
40a— hrærivélar .....	—	2	2
41 — kvarnir .....	—	2	2
42 — eldhúsvélar ót. a. ....	—	2	2
43 — kæliskápar .....	—	2	2
44 — bónvélar, ryksugur og loftræsar .....	—	2	2
45 — önnur .....	—	2	2

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Á aðalfundi Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis („Kron“), sem haldinn var síðastliðið vor, var samþykkt eftirfarandi tillaga: „Aðalfundur „Kron“ skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um, að tollar á vélum til heimilisnotkunar verði eigi hærri en á landbúnaðarvélum.“

Það er enginn efi á því, að þessi tillaga flytur ekki aðeins óskir þeirra sex þúsunda, sem mynda „Kron“, heldur og óskir meginþorra húsmæðra í landinu.

Samkvæmt núgildandi lögum eru tollar háir á búsáhöldum og heimilivélum, og verulegs misræmis gætir í tollum á hinum ýmsu tækjum. Hæstur er tollurinn — eða 7 aura vörumagnstollur á kg og 30% verðtollur — á straujárn, kvarnir, eldhúsvélar ót. a., bónvélar, ryksugur, loftræsa og önnur tæki. Síðan koma þvottavélar, hrærivélar og kæliskápar með 7 aura vörumagnstoll á kg og 10% verðtoll, loks koma eldavélar, bökunarofnar, hitunar- og suðutæki ót. a. með 2 aura vörumagnstoll á kg og 10% verðtoll. Engin ljós rök virðast fyrir þeim mismun á tollum innan þessara vöruflokka, sem hér hefur verið greindur. Allt eru þetta tæki og vélar, sem nauðsynlegar eru nútíma heimili. Það er kunnari staðreynd en frá þurfi að segja, að flestar húsmæður í kaupstöðum verða nú einar að annast heimilisstörfin, og verður ekki talið sennilegt, að á þessu verði breyting í fyrirsjáanlegri framtíð. Það er einnig víst og áreiðanlegt, að þessi störf eru undir flestum kringumstæðum erfiðari og tímafrekari en svo, að ætlandi sé einni konu, án þess að ofboðið sé heilsu hennar og kröftum. Hér er um alvarlegt þjóðfélagsvandamál að ræða. Íslenskar húsmæður eru sú stétt þjóðfélagsins, sem býr við erfiðust kjör, og þau svo erfið, að þeim og þjóðfélaginu stafar hættu af. Til að bæta úr þessu virðast ýmsar leiðir; sú er ein, og sennilega sú áhrifamesta, að stuðla að því, að véltækni verði notuð í þágu heimilanna svo sem framast er unnt. Að þessu getur löggjafinn stuðlað með því að greiða fyrir innflutningi heimilivéla og með því að stilla tollálagningu á þær sem mest í hóf. Hér er lagt til í samræmi tillögu aðalfundar „Kron“, að tollur á búsáhöldum og heimilivélum verði hinn sami og nú er á landbúnaðarvélum. Þetta virðist í alla staði sanngjarnt. Löggjafinn hefur réttilega viðurkennt nauðsyn þess að greiða fyrir, að bændur geti tekið tæknina í þjónustu landbúnaðarins, meðal annars með því að ákveða mjög lága tolla á landbúnaðarvélar. Á sama hátt ber nú Alþingi að viðurkenna nauðsyn þess, að heimilin taki tæknina í sína þjónustu við innanhússtörfin, með því meðal annars að færa heimilivélarnar í lágan tollaflokk.